

## REGLUGERÐ

### um (4.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

#### 1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2005, frá 30. september 2005, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2254/2004 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

#### 2. gr.

Reglugerð Evrópusambandsins er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Með innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2254/2004, breytast eftirfarandi ákvæði í B-hluta, I. viðauka reglugerðar nr. 74/2002, um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar, þannig að:

- a) Í stað fyrsta og annars undirliðar í lið 3.4. komi eftirfarandi:  
„— Kjúklingar til framleiðslu eggja og alifuglar til kjötframleiðslu verða að vera yngri en þriggja daga.“
- b) Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3.5.:  
„3.5. Afla ber heimildar fyrirfram til þessarar undanþágu frá eftirlitsyfirvaldi eða -aðila.“
- c) Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3.6.:  
„3.6. Þriðja heimilaða undanþága er að eftirlitsyfirvald eða -aðili skal veita leyfi til að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða bústofn þegar lífrænt alin dýr eru ekki á boðstólum og í eftirfarandi tilvikum:
  - a) hlutfallslega mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða stóráfalla,
  - b) kjúklingar til framleiðslu eggja og alifuglar til kjötframleiðslu yngri en þriggja daga,
  - c) grísir til undaneldis skulu aldir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þeir eru vandir undan og skulu þeir vega minna en 35 kg.Tilvik í c-lið er leyft á aðlögunartímabili sem lýkur 31. júlí 2006.“
- d) Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3.7.:  
„3.7. Þrátt fyrir ákvæðin, sem mælt er fyrir um í liðum 3.4. og 3.6., má taka kjúklinga sem ekki eru lífrænt aldir og ekki eldri en 18 vikna og nota til framleiðslu eggja í lífrænni framleiðslueiningu þegar lífrænt aldar unghænur eru ekki á boðstólum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:  
— lögbær yfirvöld hafa fyrirfram veitt leyfi sitt og  
— frá 31. desember 2005 skulu ákvæði, sem mælt er fyrir í 4. lið (fóðrun) og 5. lið (sjúkdómavarnir og dýralæknismeðferð) í þessum I. viðauka gilda um kjúklinga sem ekki hafa verið lífrænt aldir og taka á inn í lífrænar framleiðslueiningar.“

Nr. 732

16. ágúst 2006

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2006.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2254/2004**

frá 27. desember 2004

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91/EBE frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samræmdar reglur um lífræna búfjárframleiðslu eru tiltölulega nýlegar og þrátt fyrir núverandi þróun á þessu sviði er lífræðileg fjölbreytni hjá lífrænt öldu búfê, sem er á markaði, ekki nægileg. Því er enn þörf á að greiða fyrir þróun í lífrænni búfjárframleiðslu.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2277/2003<sup>(2)</sup>, þar sem I. og II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er breytt, er aðlögunartímabilið, þar sem taka má dýr sem alin eru á hefðbundinn hátt inn í kerfi lífræns búskapar, framlengt til 31. desember 2004. Þessi lenging hefur þó ekki reynst næg, sérstaklega ekki þegar um framleiðslu alifugla er að ræða en hún felur í sér mismunandi stig þar sem misserhæfð svið koma við sögu.
- 3) Af þessum sökum er enn þörf á að reiða sig á dýr sem eru ekki lífrænt alin. Því skal aðlaga ákvæðin um uppruna dýra í samræmi við það.
- 4) Þótt þegar sé unnt að herða ákvæði um uppruna unghæna til eggjaframleiðslu hafa framleiðslustaðlar fyrir þessi dýr enn ekki verið samhæfðir. Þar til slíkum stöðlum hefur verið komið á þykir

rétt að leyfa að unghænur 18 vikna og yngri, sem ekki eru lífrænt aldar, séu teknar inn í lífræna framleiðslueiningu þegar lífrænt aldar unghænur eru ekki fáanlegar, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem gilda áður en þessi dýr eru tekin inn í kerfi lífræns búskapar.

- 5) Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar eru brýnar þar eð tiltekin ákvæði um uppruna dýra renna út 31. desember 2004 og því skal þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1481/2004 (Stjtið. ESB L 272, 20.8.2004, bls.11).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 68.

## VIDAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

- a) Í stað fyrsta og annars undirliðar í lið 3.4. komi eftirfarandi:  
„— Kjúklingar til framleiðslu eggja og alifuglar til kjötframleiðslu verða að vera yngri en þriggja daga.“
- b) Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3.5:  
„3.5. Afla ber heimildar fyrir fram til þessarar undanþágu frá eftirlitsyfirvaldi eða -aðila.“
- c) Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3.6:  
„3.6. Þriðja heimilaða undanþága er að eftirlitsyfirvald eða -aðili skal veita leyfi til að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða bústofn þegar lifrænt alin dýr eru ekki á boðstólum og í eftirfarandi tilvikum:  
a) hlutfallslega mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða stóráfalla,  
b) kjúklingar til framleiðslu eggja og alifuglar til kjötframleiðslu yngri en þriggja daga.  
c) grísir til undaneldis skulu aldri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þeir eru vandir undan og skulu þeir vega minna en 35 kg.  
Tilvik í c-lið er leyft á aðlögunartímabili sem lýkur 31. júlí 2006.“
- d) Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3.7:  
„3.7. Þrátt fyrir ákvæðin, sem mælt er fyrir um í liðum 3.4 og 3.6, má taka kjúklinga sem ekki eru lifrænt aldir og ekki eldri en 18 vikna og nota til framleiðslu eggja í lifrænni framleiðslueiningu þegar lifrænt aldar unghænur eru ekki á boðstólum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:  
— lögbær yfirvöld hafa fyrirfram veitt leyfi sitt og  
— frá 31. desember 2005 skulu ákvæði, sem mælt er fyrir í 4. lið (föðrun) og 5. lið (sjúkdómavarnir og dýralæknis-meðferð) í þessum I. viðauka gilda um kjúklinga sem ekki hafa verið lifrænt aldir og taka á inn í lifrænar framleiðslueiningar.“